

Framboð til kirkjuþings

Einar Örn Björgvinsson

3. kjördæmi
Kjalarnesprófastsdæmi

Aldur: 47

Framboð til endurkjörs á kirkjuþing

Starf: Rekstrarstjórnun, kirkjuþjónn

Menntun: Guðfræði BA, Viðskiptafræði MBA

Starfsreynsla: Landhelgisgæsla Íslands-rekstrarstjórnun, Brunnur Distillery-rekstrarstjórnun, Isavia-rekstrar-sérfræðingur, Íslandsbanki-ráðgjafi, Hafnarfjarðarkirkja-kirkjuþjónn/staðarhald, Ástjarnarkirkja-æskulýðsfulltrúi, Árbæjarkirkja-æskulýðsfulltrúi, Skátafélagið Hraunbúar-rekstrarstjóri.



Málefni kirkjunnar hafa verið mér hugleikin um langt skeið eða allt frá því að ég hóf nám við Guðfræðideild Háskóla Íslands, en þaðan útskrifaðist ég með BA gráðu í Guðfræði árið 2008. Árið 2007 réði ég mig til starfa hjá Hafnarfjarðarkirkju við kirkjuvörslu, samhliða því starfaði ég við barna- og æskulýðsstörf bæði hjá Árbæjarkirkju og Ástjarnarkirkju og við rekstrarstjórnun hjá Skátafélaginu í Hafnarfirði. Eftir að störfum mínum lauk í barna- og æskulýðsmálum sótti ég mér aukinnar menntunar við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og útskrifaðist með MBA gráðu í viðskiptafræði árið 2017. Samhliða því starfaði ég hjá Íslandsbanka við fjármálaráðgjöf og síðar hjá Isavia og Brunnur Distillery við rekstrarstjórnun. Í dag starfa ég við rekstrarstjórnun hjá Landhelgisgæslu Íslands en einnig við kirkjuvörslu í Hafnarfjarðarkirkju en það hef ég gert ásamt öðrum störfum síðastliðin 19 ár. Ég sækist eftir endurkjöri á Kirkjuþing og tel að bæði menntun, þekking á málefnum kirkjunnar og starfi innan hennar sem og önnur starfsreynsla nýtist vel í störfum kirkjuþings. Ég hef víðtæka þekkingu og reynslu af kirkjustarfi og málefnum kirkjunnar en einnig reynslu og þekkingu á fjármálum og rekstri fyrirtækja í einkageiranum, rekstri félagasamtaka, rekstri opinberra stofnana og af fjármálageiranum. Ástæða þess að ég bauð mig fram til Kirkjuþings var til að hafa áhrif á rekstur og fjármál Þjóðkirkjunnar. Á líðandi kjörtímabili hefur tekist að rétta af rekstur Þjóðkirkjunnar og koma fjármálum í jafnvægi. En betur má ef duga skal.